

Mál nr. 36/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 16. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 36/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 10. júní 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn með því að para tíkina Z við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Þá var rakkinn ekki með gilt augnvottorð né gilt hnéskeļjavottorð við pörun 10. júní 2009. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 15. júní og honum gefinn frestur til að andmæla til 15. júlí. Svarbréf barst ekki og var sent ítrekun til kærðu Y dags. 8. júní. Svarbréf dags. 28. júní barst og var það sent til kæranda X með bréfi dags. 24. ágúst. Kærandi X sá ekki tilefni til að svara efnislega og óskaði eftir að málið yrði unnið áfram. Í framhaldinu boðaði siðanefnd til sáttafundar þann 19. október með ábyrgðarpósti en kærði Y mætti ekki. Þar sem nefndin taldi að öll gögn um málið lægu fyrir og þau sjónarmið sem máli skiptu væru komin fram, þá var málið tekið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Þann 10. júní 2009 var tíkin Z pöruð við rakkann ZZ. Um er að ræða hunda af tegundinni miniature pinscher. Kærandi X telur að kærði Y sem er eigandi tíkarinnar og rakkans hafi gerst brotlegur við þær reglur sem koma fram um skráningu í ættbók þar sem tíkin var ekki með gilt augnvottorð og rakkinn ekki með gilt augnvottorð né hnéskeļjavottorð við pörunina. Með kærinni fylgdi pörunarvottorð dagsett 20. október 2009 þar sem fram kemur að tíkin og hundurinn hafi verið augnskoðuð 5. Júní 2010. Í andsvörum kærða Y ber hann því við að ekki hafi verið ætlunin að para hundana saman og ætlunin hefði verið að gelda rakkann. Um slysgot hefði verið að ræða. Þótt kærði X sé ekki sáttur við kærana Y og að hafa verið kærður, hefur hann ekki borið því við að kæran sé röng.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Miniature Pincher að augnvottorð megi ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Hnéskeļjavottorði frá dýralækni þarf aukþess samkvæmt reglunni að liggja fyrir við pörun. Í málinu liggur fyrir að þegar pörunin átti sér stað voru hvorki tíkin né rakkinn með gilt augnvottorð og hundurinn var ekki með gilt hnéskeļjavottorð.

Kærði Y hefur því gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn og reglur sérdeilda varðanda tegundina um augnskoðun og hnéskeļjavottorð.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Hvorki hundurinn né tíkin voru með gild augnvottorð sem skýlaust eiga að liggja fyrir við pörun. Þá var hundurinn ekki

með hnéskeiðjavottorð. Að sögn kærða Y var um slysgot að ræða en kærði Y hefur ekki skýrt hvernig það getur afsakað að hann gæti ekki að hundum sínum og er ekki unnt að líta til þess við ákvörðun viðurlaga. Enda þótt bæði hundurinn og tíkin hafi ekki verið með gild augnvottorð eru sakir ekki nægilega alvarlegar til að beita harðari viðurlögum en áminningu.

#### IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegar við grein 2.6 í Grundvallarreglum HRFÍ, og samkv. reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI.

Kærði Y er áminntur.

f.h. siðanefndar

**Sign:**

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir